

4. gr.

Sjóðstjórn skal heimilt að lausráða starfsfólk eftir því sem fjárráð leyfa til þess að vinna að kynningu þessari. Stjórnin tekur endanlega ákvörðun um val á verkum til kynningar.

5. gr.

Kynning á verkum skal fyrst og fremst fólgin í því að semja lýsingu á útdrætti úr einstökum verkum og að annast þýðingu á sýnishornum úr þeim til þess að koma á framfæri við útgefendur og fjölmiðla.

6. gr.

Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum til þýðenda íslenskra bókmennta á önnur tungumál til þess að gera þeim kleift að koma hingað til lands til að vinna að þýðingum og fá innsýn í það helsta, sem er að gerast í íslenskum bókmenntum.

7. gr.

Heimilt er einnig að stuðla að annars konar kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis, svo sem með fyrirlestrum, umfjöllun og flutningi.

8. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar fjórum árum eftir gildistöku þeirra.

Menntamálaráðuneytið, 26. júlí 1982.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson

AUGLÝSING

um umferð í Seyðisfjardarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Seyðisfjarðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Seyðisfjardarkaupstað.

1. Umferð um Austurveg að Hafnargötu, Hafnargötu að Strandarvegi, Strandarvegi að grindarhliði við Flýsarhúsalæk njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Umferð um Múlaveg að Brekkugötu, Brekkugötu að Austurvegi, njóti aðalbrautaréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
3. Stöðvunarskylda verði fyrir umferð frá Brekkugötu að Austurvegi sbr. ákv. 2., sbr. 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
4. Umferð um Ránargötu njóti aðalbrautaréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
5. Umferð um Vesturveg njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
6. Umferð um Bjólfsgötu njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð af aðliggjandi götum, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Reglur þessar taki þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Seyðisfirði, 22. júlí 1982.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, ftr.